



STJÓRN SSH 433. fundur

Mánudaginn 5. september 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

1. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins /1501005

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlíð Ómar Einarsson, sviðsstjóri íþrótt- og tómssundasviðs Reykjavíkurborgar, Magnús Arnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Andrés Andreassen, fjármálastjóri ÍTR.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir undir þessum dagskrárlíð:

- a) 7 mánaða rekstraruppgjör skíðasvæðanna 2016
- b) Tillaga að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins
- c) Fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2017
- d) Tillaga að gjaldskrá fyrir skíðasvæðin veturinn 2016 – 2017

Ómar Einarsson og Magnús Arnason fóru yfir og skýrðu fyrirleggjandi gögn.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti að senda framlagða tillögu að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna til efnislegrar afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum. Afgreiðslu á tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá skíðasvæðanna frestað til næsta stjórnarfundar.

2. Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu – Borgarlínan /1510007

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

- a) Farið var yfir undirbúning og fyrirhugaða dagksrá kynnisferðar til Evrópu og Kanada síðar í mánuðinum sbr. samþykkt stjórnar frá 432. stjórnarfundum, 15. ágúst sl.
- b) Framkvæmdastjóri greindi frá tímabundnum samningi við Eyjólf Árna Rafnsson sem verkefnisstjóra vegna undirbúnings og verkefnismótunar Borgarlínunnar sbr. samþykkt stjórnar frá 20. júní sl.

3. Samráðsvettvangur SSH á svið velferðarmála /1608006

Fyrir fundinum lá erindi dags. 26. ágúst 2016 frá Unni V. Ingólfssdóttur, f.h. samráðshóps forstöðumanna félagsþjónustu á starfssvæði SSH, þar sem lagt er til að verksvið samráðsvettvangs vegna þjónustu fyrir fatlað fólk verði útvíkkaður og taki framvegis jafnframt til hefðundinna verkefna á sviði félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Stjórn SSH samþykkti tillögu hópsins eins og hún kemur fram í minnisblaði sem fylgdi ofangreindu erindi.



4. Grunnskólaganga nemenda í sjálfstætt starfandi skólum /1504009

Fyrir fundinum lá umsögn skólamálanefndar SSH frá 5. apríl sl. sbr. erindi stjórnar SSH til nefndarinnar frá 4. apríl sl.

Stjórn SSH samþykkti að koma viðhorfum skólamálanefndar á framfæri við Samband íslenskra sveitarfélaga og kalla eftir því að Sambandið beiti sér fyrir þeim lagabreytingum sem skólamálanefnd fjallar um í sinni umsögn.

5. Málefni endurvinnslustöðva /1606003

Fyrir fundinum lá erindi Sorpu bs. dags. 16. júní 2016 til Kópavogsbæjar vegna endurvinnslustöðvar við Dalveg í Kópavogi.

Sömuleiðis lá fyrir þjónustusamningur Sorpu bs. og aðildarsveitarfélaganna frá 2007 um rekstur endurvinnslustöðva sveitarfélaganna.

Ennfremur var rætt almennt um málefni endurvinnslustöðva í kjölfar umfjöllunar á eigendafundi Sorpu bs. 5. september.

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur tímabært að farið verði heildstætt yfir fyrirkomuleg og rekstur endurvinnslustöðvanna. Samþykkt að á næsta stjórnarfundum verði skipaður sérstakur starfshópur vegna málsins.

6. Útsvar og ráðstöfun iðgjalds / séreignarsparnaðar til greiðslu og sparnaðar vegna fasteignakaupa

Fyrir fundinum lá minnisblað Sigurðar Snævarr frá 18. ágúst sl., þar sem gerð er grein fyrir áhrifum ofangreinds á tekjur sveitarfélaganna.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að taka saman ítarlegri upplýsingar um fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin fyrir næsta stjórnarfund.

7. Önnur mál.

- a) Hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum gistináttaskatti.
HLH vakti máls á brýnni þörf á að sveitarfélögin fái hlutdeild í álögðum gistináttaskatti.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið leggja drög að tillögugerð um breytingar á lögum sem tryggja sveitarfélögunum hlutdeild í álögðum gistináttaskatti.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10